



**Bókasafn Reykjanesbæjar**

*heilsulind hugans*

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ, sími 421 6770



# Ársskýrsla fyrir árið 2014

## Efnisyfirlit:

- Hagnýtar upplýsingar
  - Lykiltölur 2013
  - Hlutverk
  - Leiðarljós
  - Markmið
  - Leiðir að markmiðum
  - Aðsetur
  - Opnunartími
  - Húsnæði
  - Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
  - Rafrænn aðgangur
  - Rekstrartölur
  - Starfsfólk
  - Helstu verkefni ársins
  - Menningsarvið
- Aðfangadeild
  - Hlutverk
  - Safnkostur
- Barna- og unglिंगastarf
  - Sögustundir/heimsóknir
  - Samstarfsverkefni
  - Erindi og beiðnir
  - Sumarlestur
  - Listskýningar leikskólabarna og þemasýningar
  - Koffort
  - Gaman að lesa saman
  - Laugardagar fjölskyldudagar
  - Barnahátíð
  - Sögupokar
  - Hnokka-, barna- og unglिंगadeild
- Fjölmening
  - Heimskonur
  - Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
  - Fjölmeningarráð Reykjanesbæjar
  - Þjónusta við hælisleitendur
  - Millisafnalán
  - Samstarf við Norræna húsið
- Heimsendingar
  - Tölur yfir útlán
  - Samstarf við Blindrabókasafn
- Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum
  - Viðburðir
  - Kynning á bókmenntaarfinum
  - Fornbókmenntanámskeið
  - Hönnun og önnur markaðssetning
- Vefur safnsins og Facebook
  - Vefur
  - Facebook
  - Hönnun og myndvinnsla
- Tölvu- og tæknimál
  - Tölvueign
  - Forrit og kerfi
- Upplýsingadeild
  - Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
  - Millisafnalán
  - Handbækur
  - Notendaþjónusta
  - Upplýsingavakt
- Útlánadeild
  - Verksvið
  - Útlán
- Viðgerðir og bókband
- Yfirlit yfir heimsóknir, ferðir, samstarfsverkefni, fundi, erindi, ráðstefnur og nám/námskeið
- Þjónustusamningur við Keili
  - Hagnýtar upplýsingar
  - Hlutverk bókasafns Keilis
  - Áherslur bókasafns Keilis
  - Námskeið og fundir
  - Kynningar

Forsíðumynd tók Svanhildur Eiríksdóttir af Hallgrími Helgasyni á Bókakonfektí 2014 með erindi um Guðrónu frá Lundi

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

### LYKILTÖLUR 2014: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 104.552 (92.554)

Útlán á íbúa: 7,2 (6,5)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2014 voru 89.268 (86.598)

Heimsendingar og útlán á Nesvelli og sjúkrahúsið voru alls 1343 (830)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 13.365 (9.980)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru (576) 513

Millisafnalán voru 4.251 (3.613)

Fjöldi lánþega með gild kort 30. nóvember 2014 2.983 (2.874)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 112 (113)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 11 (8)

Sumarlestur: 270 (293) börn tóku þátt

Þjónustutími: 51 klst á viku

Þjónustudagar: 294 (254)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2014: 64.859 (62.846)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2014: 8 (9). Stöðugildi 5,6 (6,1) auk 75% stöðugildis vegna þjónustusamnings við Keili.

### Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

#### Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun.

#### Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, vísýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lifandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

#### Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tónlistar og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna [gegdir.is](http://gegdir.is) og [leitir.is](http://leitir.is), hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennabyggðir í Atthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

**Aðsetur:** Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770, bréfasími 421 4667. Netfang: [bokasafn@reykjanesbaer.is](mailto:bokasafn@reykjanesbaer.is), veffang: [reykjanesbaer.is/bokasafn](http://reykjanesbaer.is/bokasafn)

**Opnunartími:** Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 9-18 og laugardaga 11-17 allt árið.

**Húsnæði:** Safnið er í 900 m<sup>2</sup> húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 500 m<sup>2</sup> og neðri hæð 411 m<sup>2</sup>.

**Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél:** Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

**Rafrænn aðgangur:** Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is

**Rekstrartölur:** Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014 hljóðar upp 66.000.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 8.800.000 kr. og launakostnaður 49.180.000.

**Starfsfólk:** Í árslok 2014 voru 8 (9) starfsmenn á safninu í 5,6 (6,1) stöðugildum auk 0,8 vegna þjónustusamning svið Keili. Þeir eru: Guðný Húnbogadóttir, Guðríður Anna Waage, Kolbrún Björk Sveinsdóttir, Rannveig L. Garðarsdóttir, Sigurrós Inga Sigurbergadóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Svanhildur Eiríksdóttir og Þór Fjalar Hallgrímsson. Auk þess voru Aron Leifsson, Steinar S. Jóhannsson og Þórey Garðarsdóttir í afleysingum fram á mitt ár. Helena Ósk Árnadóttir starfaði í fjórar vikur á safninu á vegum Vinnuskólans og hefur verið í afleysingum frá hausti. Ástríður Guðný Sigurðardóttir var í starfsnámi. Ingólfur Bjarnason vann í fjórar vikur á bókasafninu á vegum Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Friðrik Hrafn Jónsson kom frá Vinnumálastofnun í gegnum verkefnið Fyrirmyndardagur og kynnti sér starfsemi safnsins.

**Helstu verkefni ársins:** Helstu verkefni ársins voru stækkun á barnadeild og svæði upplýsingaþjónustu á neðri hæð safnsins. Því verkefni lauk í febrúar og almenn ánægja með breytingarnar. Bókasafnið og Kikka sem er höfundur Ávaxtakörfunnar fóru í samstarf og fær bókasafnið að nota efni Ávaxtakörfunnar og muni á vegg og í sýningarskápa. Allir starfsmenn fóru á námskeið í upplýsingagjöf til ferðamanna og settur var upp bæklingastandur. Opíð var á laugardögum yfir sumartímamann. Þjónustusamningur um bókasafns- og upplýsingaþjónustu fyrir nemendur Keilis var endurnýjaður á árinu. Þjónusta tengd námsfólki verður sífellt fyrirferðameiri í starfseminni. Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Menningarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaarfinum. Þá var sett á laggimar smásögusamkeppni í samstarfi við Menningarsjóð Suðurnesja, almenningsbókasöfn á Suðurnesjum og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Áfram var aukin áhersla á læsi og vekja áhuga á bóklestri m.a. með þátttöku í landskeppninni Allir lesa og Lestrarkeppni Reykjanesbæjar í samstarfi við Samtakahópinn í Reykjanesbæ sem stóð að keppninni. Þá var lögð á markaðssetningu og fjölgun vildarvina á póstlista safnsins. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

## Menningarsvið

Valgerður Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri menningarsviðs. Menningarráð skipa þau Eva Björk Sveinsdóttir (formaður), Baldur Guðmundsson, Dagný Steinsdóttir, Davíð Örn Óskarsson og Sigrún Inga Ævarsdóttir.

## AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóða reglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfalli birtist á [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is) og [www.leitir.is](http://www.leitir.is).

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjanesbæjar í lok ársins 2014 64.859 (62.846) eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 57.264 bækur, 4.556 eintök tímarita, 1.011 hljóðbækur, 811 hljómdiskar og 697 mynddiskar.

Mikið af pólskum bókum hefur verið gefið á safnið. Ekki hefur gefist tími til að skrá þær bækur í Gegni þar sem ekki hefur fengst samþykki fyrir ráðningu bókasafnsfræðings hefur það verkefni setið á hakanum. Ekki voru miklar breytingar á útgáfu og innkaupum á efni til safnsins á árinu. Lánþegar vilja gjarnan fá hljóðbækur í meira mæli en útgáfan var heldur rýr á þessu ári. Áfram verður fylgst með þeir breytingum í rafrænu efni til hagsbóta fyrir lánþega.



## BARNA- OG UNGLINGASTARF

**Sögustundir/heimsóknir:** Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 112 leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu, 70 leikskólaheimsóknir frá 9 leikskólum voru skráðar á vorönn en 42 heimsóknir frá 8 leikskólum voru skráðar á haustönn. Leikskólaheimsóknum hefur fjölgað um 40% frá 2012. Í tilefni af læsisviku leikskólanna í ár var boðið upp á kynningu á bókasafninu fyrir elsta árgang leikskólabarna í Reykjanesbæ. Börnin fengu að vita að þau eigi rétt á bókasafnskorti án endurgjalds til 18 ára aldurs, hvornig kortið virkar og hvað er til á safninu. Auk þess voru börnin leyst út með bókamerki frá bókasafninu í lok heimsóknar. Um 300 börn komu á safnið þá vikuna. 11 grunnskólaheimsóknir voru á árinu og var þá kynning á safninu og bókasafnskortinu ef óskað var eftir því og lesin smásaga eða upp úr bók. Fjöldi barna komu á bókasafnið á öskudeginum, sungu fyrir starfsmenn og fengu reglustiku að launum.

**Samstarfsverkefni:** Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem er að gerast á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsbækur á póstlistum um málefni bókasafna. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku. Um 160 börn tóku þátt í Bókaverðlaun barnanna í Reykjanesbæ og bæurnar sem hlutu flest atkvæði í Reykjanesbæ á þessu ári voru: Rangstæður í Reykjavík eftir Gunnar Helgason og Dagbók Kidda klaufa: tómtesen í þýðingu Helga Jónssonar. Tvö börn voru dregin út og verðlaunuð fyrir þátttökuna, Tinna Torfadóttir (11 ára) og Valur Þór (10 ára). Fengu þau þín eigin þjóðsaga eftir Ævar Örn Jónsson í verðlaun.

**Erindi og beiðnir:** Í tilefni af læsisviku leikskólanna voru Kolbrún og Svanhildur beðnar um að halda námskeið um barnabækur fyrir leikskólana í tengslum við vinnustofur sem boðið var upp á þá vikuna. Barnabókavörður sinnir tilfallandi beiðnum frá leik- og grunnskólakennurum um aðstoð við heimildarleit í tengslum við verkefni sem verið er að vinna hverju sinni. Einnig tekur barnabókavörður að sér að kynna mikilvægi lesturs fyrir foreldrum með því að halda erindi að beiðni leik – eða grunnskóla. Auk þess hefur barnabókavörður aðstoðað við leit að barnabókum fyrir verkefni háskólanema og þess háttar.

**Sumarlestur:** Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst á hverju ári fyrir börn á milli 6 – 16 ára og undanfarin ár hefur elsta árgangi leikskólanna verið boðið að taka þátt (læs börn á leið í grunnskóla). Í ár var börnunum boðið að gerast lestrarstjarna í himingeim bókasafnsins sem búið var að útbúa inni í barnadeild. Um 270 börn tóku þátt. Uppskeruhátíðin var síðan haldin hátíðleg og Ævar Vísindamaður kom í heimsókn, gerði tilraunir og spjallaði við krakkana. Um 130 börn mættu og þrjú börn voru dregin úr potti og verðlaunuð fyrir þátttöku: Alexander Freyr Sigvaldsson (7 ára), Dagný Dís Jóhannsdóttir (8 ára) og Helga Sveinsdóttir (12 ára). Hlutu þau bókina Umhverfis Ísland í 30 tilraunum eftir Ævar Örn Jónsson í verðlaun. Þá fengu allir veglegt bókamerki að gjöf sem þökk fyrir þátttökuna í sumarlestrinum.

**Listskýningar leikskólabarna og þemasýningar:** Engar sýningar frá leikskólunum voru á bókasafninu þetta árið en frá Myllubakkaskóla kom listaverk úr List á leiðinni á bókasafnið og leyfði gestum og gangandi að njóta góðs af.

**Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar:** Í október var þremur nýlegum bókum bætt við í bókakoffortin í leikskólunum og nokkrum til viðbótar af eldri bókum fyrir þá leikskóla sem vantaði meira upp á. Koffortin eru nú staðsett í öllum 10 leikskólum Reykjanesbæjar og eru rúmlega 1000 bækur í þeim samtals. Þrjár af tíu leikskólum lána ekki bækur út til barnanna en eru með afnot af bókunum innanhúss.

**Gaman að lesa saman:** Bæurnar og hljóðbæurnar úr fjölmenningsverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskólanna í Reykjanesbæ og Hljóðbókasafns Íslands) eru enn inn á leikskólum Reykjanesbæjar og nýtast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Í nóvember barst bókasafninu fyrirspurn frá leikskólanum Gefnarborg í Garði um hljóðbækur ætlaðar tvítýngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmenningsverkefnið Brú milli tungumála í gangi. Barnabókavörður fékk leyfi hjá Hljóðbókasafni Íslands til að afrita hljóðbækur fyrir leikskólann og ætlar leikskólinn að fá hljóðbækur hjá Bókasafni Reykjanesbæjar til reynslu.

**Fjölskyldudagar:** Laugardagar eru fjölskyldudagar á bókasafninu. Þá er settur fram dótakistill og sögupokar.

**Barnahátíð í Reykjanesbæ:** Framlag bókasafnsins í ár var að bjóða upp á kennslu í einföldu Origami (japönsku pappírsmoti) til að gefa fólki hugmyndir um skreytingar til dæmis á barnaafmælisborð.

**Sögupokar:** Markmiðið með sögupokunum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna. Tveimur nýjum pokum var bætt við á haustdögum, Nanna og miðnæturdrekinn og Prinsessan og leitinn að hamingjunni.

**Hnokka-, barna- og unglingsdeild:** Stækkunin á hnokkadeildinni kom sér vel og nóg pláss er nú til að taka á móti leik- og grunnskólabörnum úr kynningar og sögustundir. Tekið var til við að skreyta hnokkadeildina í ár og var stafrófið búið til úr afskrifuðum bókum, stafirnir plastaðir og límdir upp á vegg. Einnig voru gerðar nokkrar uglur úr pappír sem voru líka settar upp á vegg.

## Fjölmennning

**Heimskonur:** Hópurinn Heimskonur fyrir konur af erlendum uppruna í Reykjanesbæ hefur verið starfræktur í tengslum við Bókasafn Reykjanesbæjar síðan í janúar 2013 og hefur hann stækkað jafnt og þétt. Tilgangur hópsins er að skapa tækifæri og rými fyrir konur að hittast, deila reynslu og skapa tengslanet á nýjum stað. Hist hefur verið með reglulegu millibili, fyrst á tveggja vikna fresti sem síðan var breytt yfir í fyrsta laugardag í mánuði. Einnig var ákveðið að hittast á Ráðhúskaffi í stað þess að vera á bókasafninu til að auka sýnileika hópsins. Þegar hópurinn hittist er spjallað saman, hlegið og drukkið kaffi og í júní í ár þegar hópurinn var að fara í sumarfrí var gengið upp á Þorbjörn og síðan grillað og borðað saman. Einnig var ákveðið að baka saman fyrir jólin og var í fyrsta sinn bakað í Rauða kross húsinu eftir að samstarf komst á við Rauða krossinn um afnot af eldunaraðstöðu og sal. Nýjar konur eru alltaf að bætast við hópinn og hafa á milli 40 – 50 konur sótt fundina með reglulegu millibili. Meðalmæting eru um 10 – 15 konur í hvert sinn. Heimskonur eru nú með tvær facebooksíður, eina formlega og eina grúppusíðu þar sem fundirnir eru auglýstir og myndir settar inn á auk þess sem viðburðir sem eiga erindi til hópsins eru auglýstir á síðunum. Blaðamaður hjá Víkurfréttum, tók viðtal við hópinn í desember og birtist grein um Heimskonur í jólablaði Víkurfréttar. Ljósanótt var meðal annars fjölmenningsartengd í ár og hittust Heimskonur á Ljósanótt á Ráðhúskaffi. Var Amal Tamimi fengin til að ræða um innflytjendamál og fjölmenningu á bókasafninu auk þess sem hún las upp úr bók sinni, Von.

**Rauði krossinn og Bókasafn Reykjanesbæjar:** Haft var samband við Rauða kross Íslands á Suðurnesjum og athugað með afnot af húsi Rauða krossins fyrir hópinn Heimskonur. Framkvæmdarstjóri Rauða krossins á



Suðurnesjum, Fanney, bar erindi okkar upp á stjórnarfundum og fékk hópurinn leyfi til að vera með viðburði öðru hvoru í húsinu.

**Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum:** Tekið var á móti hópum úr landnemaskólanum tvisvar á árinu.

**Fjölmeningaráð Reykjanesbæjar:** Kolbrún Björk situr fyrir hönd bókasafnsins í fjölmeningarráði Reykjanesbæjar.

**Hælisleitendur:** Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds og því fylgir aðgangur að tölvu í allt að klukkustund á dag. Þetta er í samstarfi við FFR.

**Millisafnalán:** Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á pólsku til lengri eða skemmri tíma.

**Samstarf við Norræna húsið:** Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gildu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

## HEIMSENDINGAR

Rannveig Lilja Garðarsdóttir hefur umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins. Farið er á Nesvelli og í heimahús aðra hverja viku. Um 8 lánþegar þiggja þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliður á milli lánþega og Blindrabókasafns Ísland (Hljóðbókasafn Íslands) þegar þannig hefur staðið á. Um 30 lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fékk þjónustu hálfsmánaðarlega fyrri helminginn á árinu í formi þess að bókasafnið útvegar mynddiska til að hafa á setustofu fyrir sjúklunga.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 687 (233)

Nesvellir: 632 (451)

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja: 24 (112)

Samtals 1343 (830)



## KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Tvö fréttabréf voru gefin út á árinu. Færðar eru fréttir úr starfsemi safnsins og dagskrárliðir framundan tíundaðir. Fréttabréfinu er dreift innahúss sett á vef Bókasafnsins og Facebook síðu þess en einnig sent til Vildarvina, sem er netfangalisti viðskiptavina sem haf skráð sig á listann. Listinn telur tæplega 200 viðskiptavinum og lengist sífellt. Söfnun fleiri vildarvina hófst um miðjan febrúar og í árslok hafði 91 viðskiptavinur safnsins skráð sig. Hugmynd kom upp að nota mailchimp.com síðuna framvegis til að halda utan um póstlistann Vildarvini og hanna fréttabréfin þaðan. Áhugi hefur skapast á að byggja upp áttahagaherbergi/áttahagastofu í peningageymslunni aftan við afgreiðsluborðið, í samvinnu við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Hafa þar gögn og muni tengd Suðurnesjum. Sótt var um styrk til Menningarráðs Suðurnesja til að hefja vinnuna en hann fékkst ekki.

Viðburðir á árinu:

*Sýningar frá Byggðasafni Reykjanesbæjar jan-des:* Sigrún Ásta forstöðumaður Byggarsafns setur reglulega upp sýningar í glerskáp bókasafnsins og var sú fyrsta í janúar tengd þorra og sú síðasta í desember tengd kaffidrykkju (Guðrún frá Lundi) og jólaboðum.

*Myndasögusýningar febrúar og mars:* Sýning á myndum úr teiknimyndasögunni *Baby's in black* eftir Arne Bellstorff í myndasögurými og myndskreytingar úr bókverkum Wolf Erlbruch í hnokkadeild. Sýningarnar voru fengnar að láni hjá Borgarbókasafni.

*Móðurmálsvika 21. – 28. febrúar:* Vakinn var athygli á erlendum safnkosti og bókum á tveimur eða fleiri tungumálum í hillum við aðalinngang.

*Erlingskvöld 27. mars:* Jana María Guðmundsdóttir hafði boðið Bókasafninu ljóðaverkefni, Ljóðasúpu, sem hún var þátttakandi í. Ákveðið var að bjóða upp á hana á Erlingskvöldi þetta árið. Jakob Jónsson leikstjóri og leikkonurnar Halla Margrét Jóhannesdóttir og Birna Pétursdóttir fluttu ljóð Erlu (Guðfinnu Þorsteinsdóttur) og Tomas Transtómer (í þýðingu Njarðar P. Njarðvík). Einnig var boðið upp á Ljóðarþvott, þar sem ljóðarkir með pólskum og íslenskum ljóðum voru hengd upp á snúrur, sem strengdar voru milli súlna.

*List án landamæra hófst 25. apríl:* Sjá samstarfsverkefni.

*Sýning á myndum Moki hófst 2. maí:* Sýning á myndum þýsku listakonunnar Moki í teiknimyndasögurými. Myndirnar voru úr bókinni *Wandering ghost*.

*Barnahátíð 7. – 11. maí:* Bókasafnið bauð upp á leiðbeiningar í einföldu pappírs- og servíettubroti m.a. til að skreyta á fallegan hátt afmælisveisluborð barna. Starfsfólk hafði sýnishorn af veisluborði á staðnum og bauð fram pappír til verksins.

*Ljósanótt í Ráðhúsi 6. september:* Heimskonur héldu fund, Amal Tamimi las brot úr bók sinni *Von og nemendur* úr Tónlistarskóla Reykjaneshæjar fluttu tónlist.

*Bókasafnsdagurinn og alþjóðlegur dagur læsis 8. september:* Vakin var athygli á uppáhaldssögupersónum bókasafnsstarfsmanna, haldin var myndasýning með myndum úr starfsemi Bókasafnsins sem rúllaði á sjónvarpsskjá, völdum lesanda ársins, sem í þetta sinn var Jóhanna Helgadóttir, buðum upp á konfekt og gáfum falleg og eiginleg bókamerki.

*Bókmenntaganga í heilsu- og forvarnarviku 29. september:* Starfsfólk bauð upp á bókmenntagöngu þar sem stoppað var á völdum stöðum í bæjarfélaginu, lesið textabrot, fróðleikur eða ljóð á hverjum stað.

*Norræna bókasafnavikan 10. – 17. nóvember:* Þemað ár var „Tröll í Norðri.“ Bókasafnið bauð upp á skrímslasögund með Fjólu bólu en hún las barnatextann í ár, *Skrímslaerjur*. Sögustundin var framkvæmd í samstarfi við Norræna félagið í Reykjaneshæ, sem tók þátt í kostnaði.

*Bókakonfekt 27. nóvember og 2. desember:* Guðmundur S. Brynjólfsson og Guðrún Eva Mínervudóttir lásu úr nýútkomnum bókum sínum í fyrra Bókakonfekt ársins en í því síðara flutti Hallgrímur Helgason rithöfundur erindi um Guðrúnu frá Lundi og las brot úr tveimur af verkum hennar, *Afdalabarni* og *Tengdadótturinni*.

*Bréfamararþon 3. – 17. desember:* Eins og undanfarin ár tók safnið þátt í mannréttindabaráttu Amnesty International með bréfamararþoni.

**Kynning á bókmenntaarfinum:** Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni *Kynning á menningararfinum*, þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Menningarráði Suðurnesja. Söfnin buðu upp á eftirfarandi dagskrá árið 2014: Erlingskvöld í mars, og tvö Bókakonfekt í nóvember og desember. Garður 23. október: Krístrún Guðmundsdóttir, bókmenntafræðingur, skáld og kennari las upp úr verkum sínum. Grindavík: Dagskrá féll niður vegna forfalla. Vogar 29. september: Kristín Steinsdóttir las úr nýrri bók, *Vonarlandið*. Sandgerði 12. nóvember: Katrín Jakobsdóttir hélt erindi um glæpasögur og rabbaði við gesti um af hverju við læsum þær.

**Fornbókmenntanámskeið:** Bókasafn Reykjaneshæjar feb-des: Námskeið í Gísla saga Súrssonar undir stjórn Þorvaldar Sigurðssonar bókmennta- og íslenskufræðings í febrúar. Fornsögunámskeið í Bandamannasögu, Kormáks sögu og sögu Hallfreðar vandræðaskálds, einnig undir stjórn Þorvaldar, í okt-nóv.

**Merkingar í ráðhúsi:** Samræmdar merkingar eru uppfærðar eftir þörfum, m.a. eftir tiltekt í hillum á sumrin. Þær geta því ekki verið nema bráðabirgða og gallinn þar eru festingarnar, kennaratyggjó dugir skammt. Klára þarf varanlegar merkingar í húsi, t.d. á foam með festingum í vegg.

Kikka höfundur Ávaxtakörfunnar hefur sýnt bókasafninu þann velvilja að leyfa safninu að fóstta Ávaxtakörfuna. Ætlunin er að vekja áhuga á sögunni hér innanhúss, m.a. með ávaxtafígúrum til skreytinga og sýningu. Fyrstu fjórar fígúrurnar voru settar upp hér innanhúss í desember, tvær á foam við inngang bakatil og tvær í glugga í hnokkadeild. Áhugi er á að fjölga fígúrum.

**Safnarasýningar:** Áhugi hefur verið á að hafa sýningar frá söfnurum í glerskáp gegnt afgangsluborði. Þessar sýningar voru á árinu: Sýning á pilluboxum úr eigu íbúa sem vildi ekki láta nafns síns getið, sýning á bjöllum og fingurbjörgum úr safni Bryndísar Súsönnu Þórhallsdóttur, sýning á gömlum handavinnuáhöldum í eigu Félags eldri borgara á Suðurnesjum, sýning úr dúkkulísusafni Guðbjargar Irmýjar Jónsdóttur og sýning úr bréfsafnasafni Jóhönnu Helgadóttur.

## Samstarfsverkefni:

*Fundur vegna afmælisýningar:* Þar sem farið var yfir fyrirhugaða afmælisýningu í tilefni 20 ára afmælis Reykjanesbæjar í Bryggjuhúsi í maí og um leið vígslu hússins. Sýningin spannar landnám til vorra daga.

*Starfsdagur leikskólanna á Suðurnesjum:* Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi óskaði eftir þátttöku bókasafnsins í starfsdegi leikskólanna á Suðurnesjum 29. ágúst. Hugmyndin að bókasafnið héldi erindi um Börn og læsi og kynnti barnabækur. Svanhildur og Kolbrún tóku að sér undirbúning og framkvæmd. Erindi var í Súlum en kynning á barnabókum í hnokkadeild.

*Lestrarkeppni:* Hafþór Birgisson tólmstundafulltrúi falaðist eftir þátttöku Bókasafnsins í Lestrarkeppni Reykjanesbæjar. Kveikjan að keppninni voru áhyggjur framhaldsskólakennara af yndislestri ungs fólks, sem virtist vera þverrandi. Ákveðið var að bækurnar yrði að taka á Bókasafninu og umsóknum skilað um leið og lesnum bókum. Þannig yrði hægt að fylgjast með lestrinum og þátttökunni. Lestrarkeppnin hófst 20. febrúar og lauk 15. apríl með sigri Myllubakkaskólanemenda.

*List án landamæra í Bókasafninu/Ráðhúsinu:* Við erum líka hófst í Ráðhúsi 25. apríl, en það var sýning á risastórum ljósmyndum sem sýndi starfsfólk Hæfingastöðvarinnar og skjólstæðinga Bjargarinnar í draumastörfum sínum. Nemendur úr Myllubakkaskóla sýndu verk úr handavinnufögum á safninu innan verkefnsins List án landamæra.

*Útgáfuhóf Sögu lögreglunnar í Keflavík:* Lögreglan í Keflavík falaðist eftir að fá að halda útgáfuhóf vegna útgáfu Sögu lögreglunnar í Keflavík eftir Einar Ingimundarson í Bókasafninu. Hófið var haldið föstudaginn 7. nóvember milli kl. 16 til 18. Hófið markar upphaf afmælisfagnaðar Lögreglufélags Suðurnesja sem var 65 ára á árinu. Bókin var seld á staðnum og afhent þeim sem hafa keypt hana í forsölu.

*Læsisvika í leikskólum Reykjanesbæjar 10. – 14. nóvember:* Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi hafði óskað eftir þátttöku Bókasafnsins í verkefninu, m.a. með því að gefa bókamerki. Rúmlega 200 bókamerki voru útbúin til að gefa í heimsóknum leikskólabarna á safnið í vikunni.

*Allir lesa 17. október til 16. nóvember:* Landskeppni í lestri hófst 17. október og stofnaði Bókasafnið lið fyrir Ráðhúsið. Vakin var athygli á keppninni hér innanhúss með bókum í balavís, bókum í böruvís, bókamerkjum og fleiru.

## Vefur safnsins og Facebook

**Vefur:** Eins og alltaf var vefurinn yfirfarinn í ársbyrjun. Vandræði urðu með vefinn á árinu þar sem ekki er lengur hægt að tengja tengil aftan við mynd, eins og verið hafði og notað var í uppfærslu á Bók mánaðarins. Líklegt er að Vefþór sé að útreldast og ekki lengur í þróun. Mikilvægt er að fá nýjan vef. Samtals 45 fréttir voru skrifaðar á vefinn á árinu.

**Facebook:** Hugað er að því að hafa síðuna lifandi og innihaldsríka. Færðar eru fréttir af viðburðum, bókum, sýndar myndir af gestum og dagskrárliðum og ýmsu skemmtileg og tilfallandi efni. Samtals 111 innlegg voru á Facebook á árinu 2014.

## TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

**Tölvueign:** 14 tölvur eru nú í eigu safnsins, þar af 4 nettölvur fyrir gesti með prentara, 3 Gagnis-leitartölvur fyrir gesti, tvær á neðri hæð sem veita aðgang að [gegnir.is](http://gegnir.is) og [leitir.is](http://leitir.is), þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna og á efri hæð geta ferðamenn einnig flett upp í vefsetrunum [visiticeland.com](http://visiticeland.com), [safetravel.is](http://safetravel.is) og [vegvisir.is](http://vegvisir.is). og ein sjálfsafgreiðsluvél. Boðið er upp á þráðlaust net fyrir gesti og er aðgangur ókeypis fyrir lánþega safnsins. Lánþegum býðst einn klukkutími á dag í netkaffinu án endurgjalds. Árið 2014 voru 1.935 skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 161 á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í september eða 195.

**Forrit og kerfi:** Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 7. Bókasafnskerfið Gagnir er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Gagnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gagni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gagnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Photoshop, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes.



## UPPLÝSINGAÐEILD

**Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir:** Starfsemi Upplýsingaæildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingaæildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingaæildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingaæild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Áfram verður lögð var áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Á árinu 2014 varð aukning á skráðum heimilaleitum 264 (231). Upplýsingaþjónustan er á neðri hæð safnsins og virðist vera að festa sig í sessi hjá bæjarbúum. Ennþá ber svoltið á því að gestir vita ekkert af aðstöðunni á neðri hæðinni auk alls þess bóka-kosts sem þar er. Það ætti að batna með betri merkingum. Bæta þurfi við borðum í lessalinn í desember.

**Millisafnalán:** Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 32 (31), Millisafnalán til annarra bókasafna 310 (199), lán til annarra stofnana s.s. skóla 3365 (2956) og lán til skipshafna (skipakassar) 544 (427). Millisafnalán frá Þjóðskjalasafni voru 48 öskjur.

**Handbækur:** Handbókasafnið er í sífelldri þróun og endurskoðun. Tekin var sú stefna að lána út handbækur í skammtímaláni til þess að fá meiri hreifingu á handbækurnar. Lánstími er því allt frá einum sólarhring upp í 14 daga. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir.

**Notendafræðsla:** Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál.

**Upplýsingavakt:** Stefanía, Þór, Ragnhildur, Svanhildur og Sigurrós sinntu upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 10 til 16 virka daga en það hefur því miður ekki tekist. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

## ÚTLÁNAÐEILD

**Verksvið:** Markmið útlánaæildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánaæild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við sjúkrahúsið og dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögum um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

**Útlán:** Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2014 voru 89.268 (86.598). Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 1.1319 (830). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 13.365 (9980). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókasþjalli voru 576 (513). Flest útlán voru í júlí alls 8.391 (9.427) eintök. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn 294 (254) daga á árinu. Fleiri afgreiðsludagar eru vegna opnunartíma á laugardögum yfir sumarið.

## VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Ekkert var bundið inn af Faxa né Víkurfréttum á árinu. Innbindingu á Faxa gæti verið sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda Faxa á timarit.is



## YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

### Heimsóknir:

Starfsmenn Árbæjarsafns  
Félagsmenn Upplýsingar  
Menningarnefnd Ölfus

Landnemahópurinn frá MSS í kynningu og heimildavinnu  
Bókasafnsfræðingar í framhaldsskólasöfnum  
Menningarráð Reykjanesbæjar  
Útgáfuhólf hjá lögregluni

#### **Menningarsvið:**

Safnstjórafundur vikulega  
Menningarráðsfundur mánaðarlega

#### **Nám og námskeið:**

Útlánabáttur Gagnis hjá Landskerfum – GH,OL  
Skráningarnámskeið í Gegni – SS  
Upplýsingagjöf til ferðamanna - RG,OL,GW,GH,SG,KBS,SE,PFH,SSJ,SS  
GoPro námskeið/kynning – SG,SE  
Sameignlegur starfsdagur leikskóla á Reykjanesi í bókasafninu - Börn og bækur – KBS,SE  
Fyrirlestur „hvornig sjá aðrir mig“ - SG,SE,OL,RG,KBS,PFH  
Samfélagsmiðlar – SE,SG  
Fræðslufundur skrásetjara í mars og nóvember – RÁ,SG  
Gísla saga Súrssonar í febrúar – SG,RG,OL  
Bandamanna saga, Kormáks saga og saga Hallfreðar vandræðaskálds í september - SG  
Bókmenntaganga í Heilsuviku –SE,RG,SG  
Morgunkorn Upplýsingar – SG  
KBS í mastersnámi í ensku, PFH í mastersnámi í skapandi skrifum

#### **Ráðstefnur, fundir:**

Rýnihópur um tölfræði Gagnis – SG fulltrúi  
Fundur með Sendiherrum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í Duus – SG  
Fjölmeningarfundir – KBS fulltrúi  
Fundur um skýrslu samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu – SG  
Bókasöfn sem menningarmiðstöðvar – SE  
Lestrarmálþing Lions í Norræna húsinu - SE  
Aðalfundur Landskerfis í maí - SG fulltrúi  
Vorfundur SFA í Grundarfirði - SG  
Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní – SG fulltrúi  
Next Library 2014 ráðstefna – SG  
Sviðsmyndafundur hjá Reykjanesbæ – SG  
Landsfundur Upplýsingar í október – SG,SE,KBS,GH,SS  
Starfsdagur menningarsviðs – SG,SE,OL,RG,KBS,PFH  
Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum – SG  
Alþjóðlega barna- og unglingsbókmenntahátíðin Páfugl út í mýri - KBS  
Ráðstefna um barna- og unglingsbókmenntir, Kveikjum eld - KBS  
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna - SG  
Fundur skrásetjara í Gegni – RÁ, SG  
Umsjón með bókaspjalli – RÁ

#### **Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:**

Byggðasafn Reykjanesbæjar - samstarf um ýmis verkefni - SG  
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum  
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess  
Heilsuvika - KÚMM teymi  
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Blindrabókasafn – KBS  
Landskerfi bókasafna – SG  
Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi  
Raddir, samtök um vandaðan upplestur – SE í félagsráði samtakanna  
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gagnis – SG  
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG  
Samstarf forstöðumanna bókasafna í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og á Seltjarnarnesi - SG  
Samráðsfundur framhaldsskólabókaráðar – SS fulltrúi  
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – SG fulltrúi  
Samstarf við vinnuskólann – 2 nemendur  
Samstarf við Vinnumálastofnun – 1 aðili  
Stýrihópur um fjölmeningu í Reykjanesbæ –KBS fulltrúi menningarsviðs  
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

#### **Starfsmannafundur, starfsmannamál:**

HópaVinna – teymi um málefni/verkefni funduðu eftir þörfum  
Starfsmannafundur  
Starfsmannasamtöl fóru fram í mars  
Vorfagnaður starfsfólks menningarsviðs í júní  
Aðventukvöld menningarsviðs í nóvember

## **ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ KEILI**

### **Hagnýtar upplýsingar:**

Starfsmaður: Sigurrós Inga Sigurbergsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á safninu alla daga.

**Aðsetur bókasafns Keilis** er í miðrými Keilis, Grænásbraut 910 – Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10-16 alla skóladaga. Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2014. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bóksafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:

Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini

Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit

Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi

Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00.

**Hlutverk bókasafns Keilis:** Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í: faglegri upplýsingaþjónustu, leiðbeiningum við heimildaleit, leiðbeiningum við upplýsingalæsi, úrvinnsla heimilda, útlán og námsaðstoð.

**Eintakatölur** bókasafns Keilis í árslok 2014: 4.424 (4.249), þar af bækur 3.620. Aðrar tölur 2014, frá fyrra ári í sviga: útlán: 208 (560), millisafnalán á árinu voru 4 (6) og notendafræðsla 10 (11) manns.

Talsverður munur er á útlánatölum milli áranna 2013 og 2014 og stafar það aðallega af því að stór hluti útlána var skráður handvirkt og fylgst með útlánnum og skilum á þann hátt. Ekki er því um fækkun útlána að ræða. Gegnir var ekki virkur í langan tíma vegna vandræða með uppfærslu og prentun. Einnig var þekking á sjálfum safnkostinum í Keili og Bókasafni Reykjanesbæjar takmarkaður í byrjun og við leit af heimildum fyrir nemendur var oftast notast við rafrænar heimildir.

**Áherslur bókasafns Keilis:** Skráning við BSc lokaritgerða hjá nemendum í tæknifræði hélt áfram árið 2014.

Samantekt á bókakosti flugakademíunnar var gerð vegna samstarfs Keilis og AST um réttindanam flugvirkja. AST er hluti af Perth College og University of Highlands and Islands (UHI) í Perth í Skotlandi. Haldið var áfram með að fá Þjóðskjalasafn Íslands til að samþykkja málalykil Keilis samkvæmt lögbundinni skyldu og var málalykillinn samþykktur þann 05.06. 2014. Áframhaldandi vinna við samþykkt rafrænnar skjalavörslu heldur áfram.

Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis. Auk þess býðst nemendum persónuleg kennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit á netinu í sérhæfðum gagnagrunnum. Samfélagsmiðlar þá sérstaklega Facebook voru áfram nýttir til að koma upplýsingum áfram til nemanda, bæði um þjónustu safnsins og öll ný safngögn sem berast. Mikið hefur borið á að einstaklingar séu að færa bókasafninu gjafir. Bókasafnið fékk 6 bækur sem fjalla um samfélagsmiðla og nýtingu þeirra, kennslubækur um endurskoðun, hagfræði, bókfærslubækur og Rekstrarhagfræðibók. Bókasafn Keilis fékk stóra bókaþjóf frá dánarbúi og innihélt mikið magn af rafmagnsverkfræði. Orkustofnun færði bókasafninu bókaþjóf og iðulega fær bókasafn Keilis bókaþjafir frá Bókasafni Reykjanesbæjar. Samkvæmt umhverfisstefnu Keilis var byrjað að færa greinasafn bókasafnsins á rafrænt form.

### **Námskeið og fundir:**

Fundir um lögbundin verkefni flugakademíunnar

Skráningarnámskeið

Fundir um skjalamál Keilis

Fundir hjá kennslusviði

Námskeið Þjóðskjalasafni Íslands um frágang pappírs málafafna

Námskeið Þjóðskjalasafni Íslands – Rafræn skjalavarsla

Starfsmannafundir

Fundir hjá bókasafnsfræðingum í framhaldsskólum

Landsfundur Upplýsingar á Akureyri

### **Kynningar:**

3. janúar - kynning á bókasafninu, heimildaleit og þjónustu fyrir fjarnemendur

24. febrúar – kynning og kennsla í heimildaleit fyrir nemendur í þjóðhagfræði

20. maí – kynning á starfsemi bókasafnsins fyrir nema í vettvangsnámi frá HÍ

25. ágúst – kynning á bókasafninu fyrir nýnema í Háskólabró

22. ágúst – stutt kynning á bókasafninu fyrir ævintýramennsku

2. september – kynning fyrir flugvirkja

8. september – Bókasafnsdagurinn, bæklingar og veggspjöld

4. nóvember – kynning á heimildaleitum og heimildaskráningu fyrir ævintýramennsku

*Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónarmönnum verkefna.*

*Gjört í febrúar 2015*

*Stefanía Gunnarsdóttir*

*forstöðumaður*

